Fjarðabyggð
*Fjölskyldusvið*

Dagsetning: 04.02.2019
Málsnúmer: 1801134/8.10

**Til íþrótta- og tómstundanefndar**

# Minnisblað íþrótta- og tómstundafulltrúa vegna endurnýjunar samnings við Lyftingarfélag Austurlands um styrk fyrir húsaleigu

Í byrjun árs 2018 barst umsókn frá Lyftingarfélagi Austurlands um styrk vegna húsaleigu. Íþrótta- og tómstundanefnd leist vel á erindið og bókaði 45. fundi nefndarinnar:

*Íþrótta- og tómstundanefnd tekur vel í erindið og felur íþrótta- og tómstundafulltrúa að ljúka við samning við Lyftingarfélag Austurlands á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór í nefndinni.*

Íþrótta- og tómstundanefnd gerði ráð fyrir því að fjárhæðin myndi rúmast innan fjárhagsætlunar um íþróttastyrki 2018 en endurnýja þyrfti samninginn eftir að fjárhagsáætlun ársins 2019 yrði samþykkt sem og komin reynsla á húsnæðið.

Bæjarráð samþykkti viðbót fyrir samningnum í fjárhagsramma íþrótta- og tómstundandanefndar fyrir árið 2019. Lyftingarfélagið hefur auk þess verið með starfsemi sína í gömlu Prentsmiðjunni í Neskaupstað í tæpt ár og eru þau ánægð með aðstöðuna.

Fyrir liggur drög af rekstrar- og uppbyggingarsamningi við Lyftingarfélag Austurlands til þriggja ára vegna aðstöðunnar í „gömlu prentsmiðjunni“ sem bíður staðfestingar íþrótta- og tómstundanefndar og bæjarráðs.

Bjarki Ármann Oddsson
Íþrótta- og tómstundafulltrúi

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjóifjörður | Norðfjörður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður | Breiðdalur